

Umsögn Landssamtaka landeigenda á Íslandi um frumvarp til laga

um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 (leyfisveitingar, málsmeðferð, endurupptaka o.fl.). 317. mál.

Landssamtökin telja þær breytingar sem lagðar eru til að stærstum hluta óþarfar og að tillögurnar hafi verið unnar fyrst og fremst í þeim pólitíska tilgangi að leitast við að auka völd og yfirráð opinbers valds þ.e ríkis og sveitarfélaga á kostnað eignarréttar landeigenda. Enn sé verið að höggva í sama knérunn með því að láta ekki við það sitja að una við málalok á þeim svæðum þar sem óbyggðanefnd hefur lokið yfirferð sinni heldur að opna möguleika fyrir ríkisvaldið á því að halda áfram að vega að einstaklings eignarréttinum á svæðum sem farið hefur verið yfir og sú niðurstaða fengin að þau svæði séu ekki þjóðlendur. Á þeim svæðum virðist nú eiga að leita að einhverjum glufum sem verið hafa í kröfugerð ríkisins við meðferð þeirra og reyna að stoppa í þær, ríkinu til hagsbóta.

Í umsögn þessari eru tekin út þau atriði þar sem Landssamtökunum þykir þyngst vegið að hagsmunum landeigenda en jafnframt er leitast við að benda á það í tillögunum sem talist getur jákvætt.

Samkvæmt gildandi lögum veitir ríkið leyfi til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, vindorku, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna, en sveitarfélög veita leyfi fyrir allri annarri nýtingu lands og landsréttinda. Landssamtökin telja enga nauðsyn bera til að beyta þessu. Þvert á móti þá sé heppilegra að þessar leyfisveitingar séu á forræði ríkisvaldsins enda sé ríkisvaldið, með sinni fjarlægð og reglum um jafnræði. betur til þess fallið heldur en, mis-stór sveitarfélaög, að tryggja gegnsæi og jafnræði við úthlutun aðgangs að auðlindum og landsins gæðum í landi sem er í eigu ríkisins

Tekið er undir það að þörf sé á því að uppfæra ákvæði laganna um áætluð starfslok óbyggðanefndar en engin ástæða er til þess að bæta á nefndina verkefnum.

Sjálfsgagt er að rýmka heimildir landeigenda til að bera úrskurði óbyggðanefndar undir dómstóla og fá mál endurupptekin fyrir nefndinni enda hefur það lengi verið baráttumál Landssamtakanna. Í 7. gr frumvarpsins er ákvæði sem ætlað er að auka möguleika landeigenda til þess að endurupptaka óbyggðanefndarmál sem er lokið með þeim hætti að ekki þarf samþykki gagnaðilans þ.e ríkisins, til endurupptökunnar auk þess sem lagt er til að frestir til endurupptöku mála hjá nefndinni samkvæmt stjórnarsýslulögunum verði lengdir. Þetta er jákvætt. Hins

vegar er varðandi efnislegar heimildir til endurupptöku óbyggðanefndarmála, í frumvarpinu einungis vísað til almennra endurupptökureglna stjórnarsýslulaga (1. tölul 1 mgr 23 gr l 37/1993) og til almennrar endurupptökukheimildar dóma sem er að finna í lögum 91/1991 (193 sbr 191. gr) Þessar almennu heimildir eru allt of þröngar og telja landssamtökin að þær þurfi að rýmka til þess að þessi ákvæði komi að einhverjum raunverulegum notum.

Rétt er að áréttta hér að tilgangur setningar laga um þjóðlendur nr. 58/1998 var m.a. sá að eyða óvissu um eignarhald á landi og skilgreina jafnframt hver færi með stjórn og ráðstöfunarvald yfir því landi sem ekki væri undirorpið beinum eignarétti. Það var aldrei tilgangur laganna að svipta menn eignarrétti að því landi sem sannanlega væri þeirra eign. Öðrum þræði var lögunum ætlað að tryggja að þeir sem gerðu kröfu til landsvæða sem deilur væru um ættu ekki að skaðast af lögunum hvorki fjárhagslega né með þeim hætti að tekinn væri af þeim með lögunum eignaréttur sem þeir gætu fært sönnur á. Því er eðlilegt að ef fram koma ný gögn eða heimildir um eignarhald að landi sem úrskurðað hefur verið þjóðlenda (venjulega vegna skorts á heimildum um eignarhald) þá sé hægt að endurupptaka mál sem þegar hefur verið úrskurðað um, þannig að leiða megi hið rétta í ljós þrátt fyrir að úrskurðir óbyggðanefndar, eða eftir atvikum dómur, hafi þegar gengið um tilgreint svæði.

Ríkisvaldið er hins vegar í allt annarri stöðu en landeigendur. Tillögur frumvarpsins um rýmkaðar heimildir ríkisins til þess að gera á ný kröfur í eignarlönd eru að öllu leyti hagsbóta fyrir ríkisvaldið svo sem nefnt var hér að ofan. Nái þær fram að ganga myndi enn dregið úr jafnræði málsaðilja en með þeim væri verið að rýmka jafnframt heimildir ríkisins til að auka við kröfur undir rekstri mála hjá óbyggðanefnd og að leggja fram nýjar kröfur eftir að meðferð óbyggðanefndar er lokið. Þessar tillögur eru fráleitar og til þess fallnar að viðhalda óöryggi landeigenda gagnvart ríkinu. Þessi ráðagerð er jafnframt til þess fallin að eyðileggja það traust sem þó hefur myndast á milli ríkisins og landeigenda á þeim svæðum sem hafa gengið í gegnum hreinsunareld óbyggðanefndar. **Að mati landssamtakanna er afar óheppilegt að ríkið fari að ráðast aftur á þessi svæði enda hagsmunir friðar og sátta miklu ríkari en hagsmunir ríkisins af því að bæta úr mögulegum og minniháttar vanköntum og gloppum í kröfugerð þess við meðferð óbyggðanefndar á hverju því svæði þar sem meðferðinni er nú lokið.**

Samkvæmt gildandi lögum getur ríkið ekki lýst kröfum að nýju í land sem áður hefur sætt meðferð óbyggðanefndar en verið úrskurðað eða dæmt eignarland. Það er viðkomandi landeigendum, sem töldu að með meðferðinni fyrir óbyggðanefnd væri nú loks lokið og að þeir gætu átt land sitt í friði, mikil raun að þurfa að ganga í gegnum slíkar hremmingar á nýjan leik og að ríkið geti nánast hvenær sem því þóknast gert aðför að eignarrétti þeirra á nýjan leik. Eitt að meginmarkmiðum

laganna um þjóðlendur hefur verið það að ekki ríki óvissa um eignarréttarlega stöðu lands en breyting í þá veru sem lagt er til myndi einmitt leiða til hins gagnstæða. Þá er tillaga um það að óbyggðanefnd verði heimilað að bæta viðbótarprepi við málsmeðferð í tengslum við landsvæði utan strandlengju meginlandsins og almenninga stöðuvatna sama marki brennd og þessi breyting sett fram eingöngu í þágu ríkisvaldsins sjálfs. Sá misskilningur virðist ríkjandi að það sem nefnt er almenningur stöðuvatna sé einhvers konar eigendalaust svæði í stað þess að vera einfaldlega í sameign eigenda þeirra jarða sem að stöðuvatninu liggja. Engin raunverulegur ágreiningur er uppi um þessa almenninga stöðuvatna og ef upp kemur einhverskonar ágreiningur á milli þeirra sem hagsmuna hafa að gæta um eignarrétt þeirra, þá er það vel á færi dómstóla landsins að skera úr slíkum ágreiningi.

Engin rök hafa verið færð fram um það að óbreyttar málsmeðferðarreglur óbyggðanefndar myndu leiða til þess að nefndin þyrfti líklega lengri tíma til að ljúka verkefni sínu. Ákvæðum laganna um að fá skorið úr um mörk eignarlanda gagnvart eigendalausum svæðum hefur verið beitt um þau svæði þar sem vinnu nefndarinnar er lokið sem er meginhluti landsins og það þjónar ekki tilgangi laganna með nokkrum hætti að fara að breyta verklagi nú svo seint í ferlinu enda felur það beinlínis í sér mismunun á milli eigenda þeirra svæða þar sem meðferð er lokið og þeirra tiltölulega litlu svæða sem eftir standa.

Enginn munur er á ríkiseign og þjóðareign og er allt tal um annað einungis orðagjálfur. Það er beinlínis rangt að halda því fram að þegar óbyggðanefnd lýkur störfum að þá skipti hverju máli hvort þetta land ríkisins teljist eignarland eða þjóðlenda. Þjóðlenda nýtur ekki verndar stjórnлага og má þess vegna, hvenær sem pólitískur vilji stendur til þess, afla einfaldrar lagaheimildar til þess að selja hana eða telja hana almennt eignarland ríkisins.

Loks geta Landssamtökin ekki með nokkru móti séð hvernig gætt hefur verið að ákvæðum 70. gr. stjórnarskrárinnar um réttláta málsmeðferð og 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar né heldur að haft hafi verið samráð við eigendur landsins við útfærslu þessara ákvæða um breytta málsmeðferð svo sem fullyrt er í athugasemdum við þær.